



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagurinn 17. janúar 2006

Ákvörðun nr. 1/2006

### **Samruni Kynnisferða ehf. og S.B.K. hf.**

#### **1.**

Með bréfi Helgu M. Óttarsdóttur hdl., dags. 7. október 2005, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um gerð skilyrts samnings um kaup Kynnisferða ehf. á yfir helmingi hlutafjár í S.B.K. hf. Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 930/2001 um tilkynningu samruna.<sup>1</sup> Bréfinu fylgdi einnig samningur um yfirtökuna, dags. 30. september 2005, auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árið 2004 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur kaupsamningurinn í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 2. nóvember 2005, tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mánaða frests Samkeppniseftirlitsins til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði.

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir frekari upplýsingum og gögnum frá málsaðilum, sbr. bréf Samkeppniseftirlitsins dags. 14. nóvember 2005. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins til Vegagerðarinnar, dags. sama dag, var óskað eftir upplýsingum og gögnum í tengslum við útboð Vegagerðarinnar nr. 13899 á áætlunarakstri á sérleyfisleiðum á Íslandi og skólaakstri á Suðurlandi, Snæfellsnesi og Suðurnesjum 2006-2008.

#### **2.**

Í tilkynningunni kemur fram að meginstarfsemi beggja samrunaaðila felist í að reka hópferðabifreiðar og þjónustu tengda þeim rekstri. Kynnisferðir starfi fyrst og fremst á sviði sérleyfisaksturs á milli Reykjavíkur og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, dagsferða frá Reykjavík, aksturs á milli Reykjavíkur og Suður- og Suð-Austurland og á sumrin til Egilsstaða. S.B.K. haldi hins vegar fyrst og fremst úti akstri samkvæmt sérleyfi á Suðurnesjum, skólaakstri og strætisvagnaferðum í Reykjanesbæ.

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Í tilkynningunni kemur fram að aðdragandi samrunans hafi verið sá að í útboði Vegagerðarinnar nr. 13899, hafi sérleyfisleiðirnar sem samrunaaðilarnir störfuðu á verið sameinaðar í eitt þjónustusvæði og það skilyrði sett af hálfu Vegagerðarinnar að bjóða ætti í allar leiðirnar innan þess í einu lagi. Hafi það verið mat stjórna Kynnisferða og S.B.K. að umrætt þjónustusvæði væri of umfangsmikið til að fyrirtækin gætu annast það hvort um sig og hafi því verið hugað að sameiningu til að hægt væri að mæta skilyrðum Vegagerðarinnar. Þá segir að markmið samrunans sé fyrst og fremst að skapa forsendur fyrir akstri á umræddu þjónustusvæði eins og það er skilgreint í útboðsskilmálum Vegagerðarinnar nr. 13899. Ljóst hafi þótt að hvorugt fyrirtækið ætti nægilega marga langferðabíla eða byggi yfir nægilegum fjölda starfsmanna til að halda úti akstri á umræddu þjónustusvæði. Þá hyggist fyrirtækin njóta góðs af hagræðingu vegna stærðar, þar sem mögulegt verði að samnýta bíla og mannskap. Af þessu muni skapast umtalsverð samlegðaráhrif.

### 3.

Með vísan til 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga hefur verið lagt mat á hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða að slík staða styrkist. Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samruna Kynnisferða og S.B.K. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Með kaupsamningi, dags. 30. september 2005, keyptu Kynnisferðir ehf. yfir helming hlutafjár í S.B.K. hf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson